



Forsætisráðherra
Fr. Jóhanna Sigurðardóttir
Stjórnarráðinu
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2010

Varðar: Áfrýjun máls Flóahrepps gegn íslenska ríkinu til Hæstaréttar

Þann 17. september sl. ógilti Héraðsdómur Reykjavíkur ákvörðun umhverfisráðherra um að synja staðfestingar aðalskipulagi Flóahrepps. Dómurinn vísaði til þess að ekkert í lögum bannaði að framkvæmdaaðili greiddi kostnað við aðal- eða deiliskipulag. Ástæða þess að umhverfisráðherra synjaði skipulaginu staðfestingar var sögð að Landsvirkjun hefði greitt kostnað vegna skipulagsvinnu við fyrirhugaða Urriðafossvirkjun.

Þann 23. september sl. samþykkti Alþingi ný skipulagslög þar sem sveitarfélögum er sérstaklega heimilað að innheimta kostnað vegna skipulagsvinnu í þágu einstakra framkvæmda.

Hver svo sem niðurstaða Hæstaréttar kann að verða mun áfrýjunin engin áhrif hafa önnur en að tefja framgang við skipulag Flóahrepps. Hæstiréttur mun ekki breyta þeim lögum sem nýlega voru samþykkt.

Því er hér með skorað á yður að sjá til þess að ríkislögmaður falli þegar frá umræddri áfrýjun sem ekki mun hafa neitt í för með sér annað en kostnað fyrir ráðuneyti yðar.

SA álíta að umhverfisráðherra hafi með framferði sínu í þessu máli sýnt óbilgirni og þjónkun við þrönga pólitíska hagsmuni og þar með stórskaðað endurreisn íslensks atvinnulífs. Slíkt framferði gengur þvert á öll loforð forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar og hlýtur forsætisráðherra að velta fyrir sér stöðu ráðherra sem þannig haga sér.

Virðingarfyllst,

Vilmundur Jósefsson,
formaður Samtaka atvinnulífsins

Hjálagt: pistill um málsmeðferð umhverfisráðherra.